

***BORGARRÁÐ 11. apríl 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að gripið verði til sértækra aðgerða til að létta undir með fátækum barnafjölskyldum - R19040143***

Lagt er til að Reykjavíkurborg setji það á stefnuskrá sína að grípa til sértækra aðgerða til að létta undir með fátækum barnafjölskyldum. Það eru tæpar 500 fjölskyldur með um 800 börn sem eru með fjárhagsaðstoð. Á annað þúsund barna býr í félagslegu leiguhúsnæði á vegum Reykjavíkurborgar og í 1.000 barnafjölskyldur fá sérstakan húsnæðisstuðning. Borgin ætti að horfa mun meira til tekna foreldra og forráðamann þegar gjald sem snýr að börnum sem dæmi skólamáltíðir, dvöl á frístundaheimili/félagsmiðstöðvar og tómsundur er ákvarðað. Framtíðarmarkmiðið ætti að vera að ofangreindir þættir séu gjaldfrjálssir fyrir fjölskyldur sem eru undir framfærsluviðmiði. Áður hefur borgarfulltrúi Flokks fólksins lagt til að gjald skólamáltíða verði lækkað til að tryggja að ekkert barn væir svangt í skólanum en þær tillögur voru felldar. Það er ekki verið að gera nóg fyrir fjölskyldur sem eru í mestri neyð eins og staðan er núna. Börnum fátækra foreldra er mismuna á grundvelli efnahags foreldra þeirra. Með því að einblína sérstaklega á þennan hóp með ákveðnar sértækar aðgerðir til að létta byrði þeirra er ekki einungis verið að létta fjárhagslega á fjölskyldum og einstaklingum heldur er einnig verið að létta á áhyggjum og vanlíðan sem tengist því að ná ekki endum saman.

### **Greinargerð**

Flokkur fólksins hefur oft áður með ýmsum hætti stungið upp á leiðum til að létta undir með fátækum foreldrum þegar kemur að ýmsum útgjöldum fyrir börn sína. Sem dæmi var tillaga um að börn foreldra undir tekjuviðmiði þurfi ekki að greiða þátttökugjald á viðburði eða í ferðir á vegum miðstöðvanna felld í Skóla- og frístundarráði. Sömu örlög hlutu tillögur um að lækka gjald skólamáltíða eins og fram kemur í tillögunni. Meirihlutinn verður að fara að horfast í augu við að hópur barna elst upp hjá fátækum foreldrum og að fátækt hindrar sum börn í að taka þátt í viðburðum sem kosta. Hér er e.t.v. ekki um stórar upphæðir að ræða en þúsund krónur er mikill peningur hjá þeim sem ekki á. Tillaga um að reglur um frístundarkortið yrðu rýmkaðar var einnig felld. Það er afar slæmt að ekki er hægt að greiða fyrir þátttöku í starfi félagsmiðstöðva með Frístundakorti Reykjavíkurborgar og eins ætti að vera hægt að nota Frístundarkortið til að greiða enn frekar niður gjald sumarnámskeiða í þeim tilfellum sem foreldrar óska þess. Margt annað er hægt að gera í þessu sambandi með beinni tekjutengingu og horfa þá eingöngu til þeirra verst settu með það að markmiði að draga úr fátækt.